

FMS 2020-19
ISBN 978-9935-9512-6-7
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

JÚLÍ 2020

Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðapjónustu 2019

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-19

ISBN: 978-9935-9512-6-7

ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu árið 2019	1
Viðhorf íbúa á Austurlandi til fjölda ferðamanna	3
Viðhorf til fjölda ferðamanna sumar og vetur 2014-2019 – Allir landshlutar	4
Áhrif á daglegt líf	5
Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu.....	7
Áhrif á samfélagið	9
Mat á ástandi innviða.....	11
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á Austurlandi?	12
Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2019	13
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu á Austurlandi?	14
Hvað er neikvæðast við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Hinir landshlutarnir 2019.....	15
Samantekt	16
Niðurstöður símakönnunar á Austurlandi 2019 – tíðnitöflur og bakgrunnsgreining.....	17

VIÐHORF ÍBÚA Á AUSTURLANDI TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU ÁRIÐ 2019

Haustið 2019 fór fram könnun á vegum hins opinbera á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála verkefnastjórn, greiningu og skýrsluvinnslu. Framkvæmd og úrvinnsla hrágagna könnunar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Gagnasafninu frá könnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kannanir hins opinbera á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa farið fram með reglubundnum hætti frá árinu 2014. Þessar kannanir hafa ýmist verið unnar á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum. Þessar kannanir tengjast framtíðarsýn stjórnvalda um að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði og eru hluti þeirra rannsókna og gagna sem birtast í Jafnvægisási ferðamála^{1,2}. Könnunin haustið 2019 er sú þriðja sem gerð hefur verið á landsvísu á viðhorfum Íslendinga og tilheyrir mati á samfélagslegum áhrifum íslenskrar ferðaþjónustu. Sú fyrsta var unnin haustið 2014^{3,4} og var hún endurtekin haustið 2017⁵ með það að markmiði að meta viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi og eftir einstaka landshlutum. Könnunin 2019 hafði þessi sömu markmið en að því viðbættu var kannað hvort einhverjar breytingar í viðhorfum hefðu átt sér stað frá síðustu landskönnun 2017. Fyrir utan kannanir á landsvísu hafa verið gerðar rannsóknir í einstökum samfélögum; fjórum árið 2015⁶, þremur árið 2016⁷ og fjórum árið 2018^{8,9,10,11}.

Niðurstöður könnunarinnar 2019 eru settar fram í sjö samantektum, einni fyrir hvern landshluta ásamt höfuðborgarsvæði (sjá nánari skýringu á svæðisskiptingu á næstu síðu). Í samantektunum eru kynning rannsókna, aðferðafræði og niðurstöður teknar saman og settar fram á sama hátt fyrir hvern landshluta. Auk þess er heildarskýrsla með niðurstöðum allrar könnunarinnar á landsvísu væntanleg síðar á árinu 2020. Í könnunum sem gerðar hafa verið á landsvísu og að hluta til þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í einstökum samfélögum hefur verið notast við staðlaðan spurningalista sem byggir á viðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Spurningalistinn, sem inniheldur 55 spurningar, hefur verið í þróun frá því fyrsta landskönnunin var gerð árið 2014 og verið endurskoðaður og uppfærður reglulega í takt við þróun greinarinnar og áherslur stjórnvalda um öflun áreiðanlegra gagna.

Í þessari samantekt er að finna svör íbúa á svæði Markaðsstofu Austurlands – Austurbrúar úr könnuninni sem varpa ljósi á viðhorf heimamanna á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu haustið 2019. Í samantektunum er lögð áhersla á samanburð milli kannananna 2017¹² og 2019 innan hvers landshluta og á milli landshlutans og niðurstaðna á landsvísu 2019. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður einstakra landshluta bornar saman. Þessari samantekt fylgja tíðnitöflur og bakgrunnsgreining fyrir þær spurningar sem hér eru til umfjöllunar.

¹ Stjórnarráð Íslands. *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.

² Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.

³ Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu*. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Unnið fyrir Ferðamálastofu. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

⁴ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

⁵ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

⁶ Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagssleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.

⁷ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Sigluffjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

⁸ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019a). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Egilsstaðir*. Akureyri: Ferðamálastofa.

⁹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019b). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Húsavík*. Akureyri: Ferðamálastofa.


¹⁰ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019c). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Reykjanesbær*. Akureyri: Ferðamálastofa.

¹¹ Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019d). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.

¹² Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. (sjá <http://www.rmfi.is/static/research/files/1520245654-austurlandpdf>)

Aðferðir og framkvæmd

Gerð var símakönnun meðal landsmanna á tímabilinu 8. október til 16. nóvember 2019. Lagskipt úrtak var tekið af sjö svæðum sem samsvara verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna ásamt höfuðborgarsvæði¹³. Könnunin var lögð fyrir 6.200 manna úrtak landsmanna og var miðað að því að ná fram að lágmarki 355-379 svörum á hverju verkefnasvæði. Heildarfjöldi svara í könnuninni var 2.622 sem jafngildir 42% svarhlutfalli.



Verkefnasvæði markaðsstofa landshlutanna
Mynd: www.ferdamalastofa.is

Í töflunni hér til hliðar má sjá úrtak og bakgrunn svarenda á Austurlandi 2019 og samanburð við 2017. Á Austurlandi voru 755 manns í úrtakinu og fjöldi svara var 372 (svarhlutfall 53%). Svör voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspáttu. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði¹⁴, hvort svarandi starfi við ferðapjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektinni er sérstaklega tekið fram ef munur sem fannst á svörum reyndist marktækur miðað við 99,9% öryggismörk með tilliti til þessara bakgrunnspáttu.

Úrtak og bakgrunnur svarenda á Austurlandi í könnunum 2017 og 2019

Austurland		2017		2019	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Úrtak		755		699	
Fjöldi svara		356	47%	372	53%
Kyn	Karlar	183	51%	201	54%
	Konur	173	49%	171	46%
Aldur	18-29	34	10%	27	7%
	30-44	93	26%	78	21%
	45-59	119	33%	113	31%
	60+	111	31%	156	42%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	86	24%	100	27%
	Stúdentspróf eða iðnnám	129	36%	95	26%
	Annað starfsnám	22	6%	45	12%
	Háskólapróf	113	32%	115	31%
Lengd búsetu á Austurlandi	5 ár eða skemur	56	16%	43	12%
	6-10 ár	33	9%	30	8%
	11-20 ár	69	19%	53	14%
	21-30 ár	48	13%	42	11%
	Lengur en 30 ár	151	42%	201	54%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	216	61%	191	51%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	50	14%	77	21%
	Í námi	12	3%	6	2%
	Á eftirlaunum	50	14%	62	17%
	Annað	28	8%	29	8%
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	53	15%	88	24%
	Nei	303	85%	277	74%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?	Já	171	48%	155	58%
	Nei	118	33%	112	42%
Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum?	Já, allt árið	58	12%	33	10%
	Já, hluta úr ári	59	12%	59	17%
	Nei	366	76%	249	73%

¹³ Sjá nánar <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaaetlanir/svaedaskipting-dmp-aaetlana>

¹⁴ Við greiningu á bakgrunnspættinum *staða á vinnumarkaði* voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

VIÐHORF ÍBÚA Á AUSTURLANDI TIL FJÖLDA FERÐAMANNA


Fjöldi ferðamanna hæfilegur á sumrin

Litlar breytingar hafa orðið milli kannana á mati íbúa á Austurlandi á fjölda ferðamanna. Hlutfall þeirra sem þykir fjöldinn vera hæfilegur hækkaði lítillega milli kannana, eða úr 57% í 63%. Á móti dróst saman hlutfall svarenda sem sagði fjölda ferðamanna heldur eða of mikinn, úr 24% í 19%. Hlutfall svarenda á Austurlandi sem sagði fjölda ferðamanna vera heldur eða of lítinn breyttist nær ekkert og var 18% árið 2019. Breytingar milli kannananna 2017 og 2019 reyndust hins vegar ekki marktækar á Austurlandi.

Karlar, fólk sem starfar við ferðaþjónustu á Austurlandi og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegustu hóparnir til að finna fjölda ferðamanna í landshlutanum vera hæfilegur á sumrin. Þeir sem störfuðu við annað voru líklegastir til að finna fjölda ferðamanna í landshlutanum vera of mikill yfir sumartímann.

Of fáir ferðamenn á veturna

Skoðanir á fjölda ferðamanna yfir vetrartímann á Austurlandi voru enn nokkuð skiptar 2019 þó svo að hlutfall svarenda sem mat fjölda ferðamanna heldur eða of lítinn hefði lækkað milli kannana úr 57% árið 2017 í 49% árið 2019. Á móti hækkaði hlutfall svarenda sem sagði fjöldann vera hæfilegan, var 37% árið 2017 en fór í 45% 2019. Þessar breytingar milli kannana voru þó ekki marktækar. Árið 2017 voru viðhorf íbúa á Austurlandi til fjölda aðeins frábrugðin landsmeðaltalinu en viðhorfin eru mun svipaðri árið 2019. Fólk sem starfar við ferðaþjónustu á Austurlandi og þeir sem gátu hugsað sér starf í greininni var frekar þeirrar skoðunar en aðrir að of fáir ferðamenn væru í landshlutanum á veturna.





VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA SUMAR OG VETUR 2014-2019 – ALLIR LANDSHLUTAR

Fleiri á því að fjöldi ferðamanna sé hæfilegur á sumrin

Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar hefur meirihluta landsmanna þótt fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin og hefur sá hópur stækkað hlutfallslega frá því mælingar á viðhorfum landsmanna hófust árið 2014. Á landsvísu hefur þeim fækkað sem telja fjölda ferðamanna of mikinn en að sama skapi hefur þeim fjölgað sem telja ferðamenn vera alltof eða heldur fáa yfir sumartímann. Sama þróun hefur átt sér stað á flestum landssvæðunum nema á Vestfjörðum en þar voru viðhorf til fjölda ferðamanna nánast óbreytt á milli kannana. Mesta breyting milli kannana var á Suðurlandi en þar sögðu mun fleiri íbúar en áður að ferðamannafjöldi væri hæfilegur og mun færri nú sem sögðu fjöldann vera of mikinn. Sömu sögu má segja af höfuðborgarsvæðinu en þar er hæst hlutfall þeirra sem telja fjölda ferðamanna vera hæfilegan.

Of fáir eða hæfilegur fjöldi ferðamanna yfir veturinn

Litlar breytingar hafa orðið á landsvísu á viðhorfi til fjölda ferðamanna að vetri til. Landsmenn skiptast enn í tvær fylkingar; þá sem telja fjöldann hæfilegan og þá sem telja fjöldann of lítinn. Viðhorf til fjölda ferðamanna yfir veturinn er áfram misjafnt eftir svæðum. Íbúar á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og á Suðurnesjum voru frekast á því að ferðamenn væru hæfilega margir. Hópurinn sem svo sagði var hlutfallslega stærstur á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi fannst íbúum ferðamenn vera of fáir á veturinn. Afar fáir töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn á veturinn. Í öllum landshlutum hækkaði hlutfall svarenda sem sagði fjöldann vera hæfilegan nema á Suðurlandi þar sem hlutfallið dróst saman.





ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF

Áfram mikil ánægja með samskipti við ferðamenn

Í könnuninni 2019 kom í ljós að landsmenn höfðu sjaldnar orðið varir við ferðamenn en árið 2017 þegar 78% landsmanna tóku nær daglega eftir ferðamönnum. Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn dróst saman um 10 prósentustig milli kannana og var 68% 2019. Á móti fjölgaði í hópi þeirra sem urðu varir við ferðamenn 1-3 sinnum í viku og því áfram yfir 90% landsmanna sem sáu ferðamenn í hverri viku.

Á Austurlandi var engin marktæk breyting á svörum á svörum íbúa og ekki var heldur munur á svörum mismunandi hópa á Austurlandi 2019. Ennþá urðu um það bil átta af hverjum tíu íbúum nánast daglega varir við ferðamenn.


Landsmönnum sem áttu í nær daglegum samskiptum við ferðamenn fækkaði hlutfallslega milli kannana og þeim fjölgaði sem áttu sjaldan samskipti við ferðamenn. Þessar breytingar milli kannana reyndust marktækar. Á Austurlandi urðu hins vegar engar marktækar breytingar milli kannana en marktækur munur var á svörum íbúa sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeirra sem störfuðu við annað. Eðli málsins samkvæmt voru þeir fyrrnefndu marktækt líklegri til að eiga oftari samskiptum við ferðamenn. Þrátt fyrir aukin samskipti líkaði íbúum á Austurlandi sem og öðrum landsmönnum vel að eiga samskipti við ferðamenn.



Dregur úr ónæði en ótti á vegum úti eykst enn

Ónæði vegna ferðamanna hefur ekki aukist á Austurlandi. Um 86% íbúa á Austurlandi sagði ferðamenn ekki valda þeim ónæði¹⁵ í daglega lífinu og aðeins 7% sögðust verða fyrir ónæði. Líkt og í flestum öðrum landshlutum fjölgaði lítillega þeim íbúum sem töldu heimabyggðina geta tekið við fleiri ferðamönnum, úr 64% í 68%. Konur á Austurlandi voru síður líklegri en karlar til að telja heimabyggðina geta tekið við fleiri ferðamönnum.

Á Austurlandi forðast um það bil helmingur íbúa ákveðna staði á landinu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Munur var á svörum milli landshluta en hlutfall svarenda sem reyndi að forðast slíka staði var hæst á Austurlandi. Þá fundu íbúar á Austurlandi síður en aðrir landsmenn til öryggis í umferðinni. Í könnuninni 2019 sögðust tveir af hverjum þremur íbúum á Austurlandi vera hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Munur á svörum var aðeins marktækur milli landshluta en ekki innan landshlutans. Á Austurlandi sögðust konur frekar en karlar vera hræddari en áður við akstur á vegum úti. Þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru ólíklegri en aðrir hópar til að vera hræddari við akstur og til að forðast staði þar sem vitað er að marga ferðamenn er að finna.




¹⁵ Settur er fyrirvari á samanburð niðurstaðna milli kannana fyrir spurninguna „Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi“. Orðalag spurningarinnar breyttist milli kannana og var árið 2017 „Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður“.

ÁHRIF Á EFNAGAG, ATVINNULÍF OG ÞJÓNUSTU


Efnahagslegt mikilvægi áfram undirstrikað

Líkt og í könnuninni 2017 lék enginn vafi á efnahagslegu mikilvægi ferðapjónustu í hugum íbúa á Austurlandi. Á landsvísu reyndist trúin á efnahagslegt mikilvægi styrkjast milli kannana. Sömuleiðis styrktust landsmenn í þeirri skoðun að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratuginna. Hlutfall þeirra sem voru sammála þessu á Austurlandi hækkaði úr 78% árið 2017 í 87% árið 2019 og var breytingin marktæk (sjá mynd á næstu síðu).


Meirihluti landsmanna taldi marga íbúa í heimabyggðinni njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu. Almennt voru menn á því að hæfilegur eða stór hluti tekna sem skapast af ferðapjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu. Þetta kom fram í niðurstöðum nýrra spurninga í könnuninni 2019. Í flestum landshlutum, þar á meðal Austurlandi, taldi yfir helmingur íbúa að margir njóti efnahagslegs ávinnings en 25-36% svarenda í hverjum landshluta taldi samt sem áður að fáir nytu efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustunni í þeirra heimabyggð. Vestfirðingar og íbúar á Vesturlandi skáru sig frá fjöldanum fyrir þær sakir að þar var hæst hlutfall svarenda sem var þeirrar skoðunar að fáir nytu efnahagslegs ávinnings í heimabyggðinni. Sá munur var marktækur. Á Austurlandi var enginn munur á svörum mismunandi hópa nema meðal þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu sem voru líklegri til að halda því fram að margir nytu efnahagslegs ávinnings. Íbúar á Austurlandi sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru líklegri en aðrir hópar til að telja að hæfilegur hluti tekna af ferðapjónustu verði eftir á svæðinu.



Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu?



Telur þú að stór eða lítill hluti tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?




Ferðapjónusta eykur fjölbreytni

Mikill meirihluti íbúa á Austurlandi telur enn að ferðapjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífi í heimabyggðinni þó svo að hlutfall þeirra sem voru sammála fullyrðingunni hafi dregist örlítið saman milli kannana. Um 70% íbúa á Austurlandi voru ósammála því að aðrar atvinnugreinar gjaldi fyrir það að fólk ráði sig til starfa í ferðapjónustu en 19% töldu ferðapjónustuna taka til sín vinnuafli á kostnað annarra atvinnugreina. Austurland skar sig frá öðrum landshlutum fyrir hæst hlutfall íbúa sem töldu að ferðapjónusta taki til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum.

Ferðamenn efla þjónustu og verslun

Líkt og aðrir landsmenn töldu flestir íbúar á Austurlandi ferðamenn efla verslun í heimabyggð og án þess að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu. Breytingar á svörum milli kannana reyndust ekki marktækar á Austurlandi. Á Austurlandi fjölgaði einnig íbúum sem töldu ferðapjónustu hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér og var breytingin milli kannana marktæk.

Svarendur á Austurlandi sem störfuðu í ferðapjónustu eða gátu hugsað sér starf í atvinnugreininni voru líklegastir til að vera sammála jákvætt orðuðum fullyrðingum um atvinnulíf, verslun og þjónustu og líklegri til að vera ósammála því að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu.



ÁHRIF Á SAMFÉLAGIÐ


Heildaráhrifin áfram jákvæð

Almennt virðast íbúar á Austurlandi sem og aðrir landsmenn vera jákvæðir gagnvart áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna á samfélagið. Fátt bendir til þess að dregið hafi úr jákvæðum viðhorfum á Austurlandi þar sem breytingar milli kannana voru litlar eins og sjá má hér til hliðar.

Líkt og á landinu öllu var mikill meirihluti íbúa á Austurlandi þeirrar skoðunar að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins og voru þeir stoltir yfir því að ferðamenn sækja svæðið heim. Íbúar sem höfðu búið á Austurlandi í 11-20 ár og fólk á aldrinum 18-29 ára voru síður á því en aðrir íbúar að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins.

Hlutfall íbúa sem var sátt við að samfélagið myndi breytast vegna ferðaþjónustu var mjög hátt í öllum landshlutum, eða á bilinu 88-91%. Íbúum á Austurlandi sem sögðu að ferðamenn hefðu breytt íslensku samfélagi til hins betra fjölgaði marktækt milli kannana. Rúmlega helmingur íbúa á Austurlandi (57%) taldi ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra en 28% svarenda tóku ekki afstöðu með eða á móti og um 15% voru ósammála því að ferðamenn hefðu breytt íslensku samfélagi til hins betra. Enginn munur var á svörum á Austurlandi samanborið við aðra landshluta. Þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru líklegastir til að finna til stolts og vera jákvæðari gagnvart samfélagsbreytingum vegna ferðamanna. Þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru ólíklegastir til að vera sáttir við samfélagsbreytingar vegna ferðaþjónustu.

Á heildina litið voru íbúar á Austurlandi (88%) ánægðir með ferðaþjónustu í sínu samfélagi (sjá mynd á næstu bls.) og var lítill munur á svörum milli mismunandi hópa innan landshlutans. Ánægjan var mest á Austurlandi, Suðurlandi (90%) og Norðurlandi (89%).




Viðhorf til útleigu fasteigna til ferðamanna oftast jákvæð

Meirihluti landsmanna var jákvæður gagnvart því að íbúar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna. Þá var meirihluti svarenda jafnframt þeirrar skoðunar að ferðabjónusta takmarkaði ekki möguleika íbúa á að eignast húsnæði. Ekki var spurt um þessi atriði í fyrri könnunum.


Nokkur munur var á svörum eftir landshlutum eins og sjá má á myndunum hér fyrir neðan. Íbúar á Vesturlandi (66%) og á Norðurlandi (65%) voru jákvæðastir gagnvart því að fólk væri að leigja eignir sínar til ferðamanna. Hlutfall svarenda sem voru jákvæðir var lægst á Austurlandi (51%). Íbúar á Vesturlandi (66%), Norðurlandi (65%) og á Suðurnesjum (65%) voru frekar á því en aðrir landsmenn að ferðabjónustan hefði ekki takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði á þessum svæðum. Höfuðborgarsvæðið skar sig frá öðrum landshlutum en um 43% svarenda á höfuðborgarsvæðinu taldi ferðabjónustu hafa takmarkað möguleika fólks á að eignast húsnæði en nærri jafn stór hópur, eða 40% svarenda, var á öndverðum meiði.

Afar líttill munur var á svörum mismunandi hópa innan landshlutanna fyrir utan að á Vestfjörðum og á Austurlandi voru þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðabjónustu líklegastir til að vera jákvæðir gagnvart möguleika fólks á að leigja út eigin fasteignir til ferðamanna.


Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðabjónustu í mínu samfélagi




Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna



Ferðabjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð



MAT Á ÁSTANDI INNVIÐA



Vegakerfið, almenningssamgöngur og almenningssalerni fá falleinkunn

Margt var líkt með mati íbúa á Austurlandi og landsmanna allra á ástandi innviða. Mestar áhyggjur höfðu íbúar af ástandi almenningssalerna og almenningssamgangna. Einnig taldi ríflega helmingur svarenda að ástand vegakerfisins væri frekar eða mjög slæmt. Í flestum landshlutum töldu heimamenn að ástand almenningssalerna hefði batnað en á Austurlandi urðu engar slíkar breytingar. Mat á ástandi almenningssamgangna versnaði milli kannana í öllum landshlutum en hvergi var það jafnslæmt og á Austurlandi og Norðurlandi. Best þótti ástandið á göngustígum og gönguleiðum. Líkt og í könnuninni 2017 þótti ástand bílastæða betra á Austurlandi en á landsvísu og var munurinn á Austurlandi milli kannana marktækur.

SAMANTEKT

Áhrif ferðamennsku jákvæð en aukin umferð veldur enn áhyggjum

Íbúar á Austurlandi eru áfram á því að áhrif ferðamennsku og ferðapjónustu séu jákvæð. Heilt á litið voru þeir sem starfa við ferðapjónustu og geta hugsað sér starf í ferðapjónustu jákvæðasti hópurinn gagnvart atvinnugreininni. Þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru neikvæðastir.

Íbúar á Austurlandi sjá ferðamenn almennt nær daglega. Austurland skipast þar með í hóp með Suðurlandi og Suðurnesjum fyrir hæst hlutfall íbúa sem sér ferðamenn daglega. Það þýðir þó ekki endilega að ferðamönnum hafi fjölgað í landshlutanum heldur dróst fjöldi íbúa sem varð nær daglega var við ferðamenn ekki saman á Austurlandi eins og gerðist annars staðar á landinu. Íbúum á Austurlandi líkaði eftir sem áður vel við að eiga í samskiptum við ferðamenn.

Fjöldi ferðamanna á svæðinu virðist ekki vera mikið áhyggjuefni en þó komu fram vísbendingar í opnum spurningum könnunarinnar um óánægju með of mikinn fjölda ferðamanna á sumum stöðum á sama tíma. Á Austurlandi breyttust viðhorf til fjölda ferðamanna á sumrin ekki milli kannana en á landsvísu styrktust viðhorf um hæfilegan fjölda ferðamanna yfir sumarið. Yfir veturinn taldi hins vegar um helmingur íbúa á Austurlandi fjölda ferðamanna vera of lítinn. Á landsvísu fjölgaði hins vegar þeim sem töldu fjölda ferðamanna yfir vetrartímamann vera hæfilegan.

Ónæði vegna ferðamanna í daglegu lífi íbúa hefur ekki aukist á Austurlandi. Aðeins 7% íbúa sögðust finna fyrir ónæði vegna ferðamanna. Þá fjölgaði þeim sem töldu að Austurland gæti tekið við fleiri ferðamönnum.

Umferð og umferðaröryggi var ofarlega í hugum íbúa á Austurlandi en áhyggjur af umferðarmálum voru enn og aftur meðal neikvæðustu áhrifa ferðapjónustunnar að mati íbúa. Sá hópur landsmanna sem forðast ákveðna staði á landinu og var hræddari við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna var áfram nokkuð stór á Austurlandi. Að mati íbúa á Austurlandi standa úrbætur á salernisaðstöðu fyrir ferðamenn landshlutanum fyrir þrifum.

Íbúar á Austurlandi reyndust almennt vera mjög jákvæðir í garð áhrifa ferðamennsku og ferðapjónustu á samfélagið og dró ekki úr ánægju milli kannana. Heildaránægja með ferðapjónustu í samfélaginu var mest á Austurlandi, Suðurlandi og Norðurlandi. Fjölbreytileikinn, mannlífið, bjartsýni og gleði voru meðal þess sem heimamenn telja jákvæðast við ferðapjónustu á Austurlandi og glæða samfélagið lífi. Íbúar á Austurlandi telja að ferðapjónustunni fylgi tækifæri til atvinnusköpunar og tekjuöflunar sem og betri þjónustu við heimamenn og höfðu þau viðhorf almennt styrkst á milli kannana 2017 og 2019.

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR Á AUSTURLANDI 2019 – TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Tafla 1 Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	285	76,6%	77,0%
1-3 sinnum í viku	61	16,4%	16,5%
1-3 sinnum í mánuði	16	4,3%	4,3%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	8	2,2%	2,2%
Gild svör	370	99,5%	100,0%
Gildir svarendur	370	99,5%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 2 Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining

		Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
		%	%	%	%	N	N
	Fjöldi	77,4%	16,0%	4,3%	2,3%	370	370
Kyn	Karl	83,3%	13,0%	3,3%	0,5%	200	200
	Kona	70,4%	19,5%	5,5%	4,5%	170	170
Aldur	18 - 29 ára	83,3%	5,6%	5,6%	5,6%	18	39
	30 - 44 ára	70,9%	27,9%	1,2%	0,0%	86	85
	45 - 59 ára	81,3%	14,0%	1,9%	2,8%	107	102
	60 ára og eldri	76,7%	13,2%	7,5%	2,5%	159	144
Menntun	Grunnskólanám eða minna	78,3%	15,3%	4,6%	1,9%	96	99
	Stúdentspróf eða iðnnám	73,9%	19,0%	7,1%	0,0%	98	96
	Annað starfsnám	80,2%	13,2%	0,0%	6,6%	44	42
	Háskólapróf	78,3%	15,9%	3,2%	2,6%	115	116
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	66,7%	27,1%	4,1%	2,0%	41	47
	6-10 ár	78,2%	18,9%	2,9%	0,0%	32	31
	11-20 ár	78,5%	21,5%	0,0%	0,0%	49	54
	21-30 ár	77,0%	11,0%	4,9%	7,1%	40	44
	Lengur en 30 ár	79,4%	12,9%	5,8%	1,9%	203	188
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	76,4%	18,6%	4,0%	1,0%	188	193
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	87,3%	10,2%	1,2%	1,3%	79	75
	Í námi	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4	7
	Á eftirlaunum	68,3%	17,5%	11,1%	3,2%	63	57
	Annað	72,9%	13,2%	3,2%	10,7%	28	29
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	93,3%	5,6%	0,0%	1,1%	88	89
	Nei	72,1%	19,7%	5,8%	2,4%	277	275
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	73,7%	21,5%	3,6%	1,2%	157	156
	Nei	69,1%	17,9%	9,4%	3,6%	110	110

* Fáir í sumum flokkum svo marktæktarprófi sleppt

Tafla 3 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	96	25,8%	26,1%
1-3 sinnum í viku	87	23,4%	23,6%
1-3 sinnum í mánuði	88	23,7%	23,9%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	97	26,1%	26,4%
Gild svör	368	98,9%	100,0%
Gildir svarendur	368	98,9%	
Veit ekki	2	0,5%	
Svöruðu ekki	2	0,5%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 4 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? - Bakgrunnsgreining

		Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
	Fjöldi	%	%	%	%	N	N
Kyn	Karl	24,7%	24,9%	25,8%	24,6%	199	199
	Kona	30,3%	22,2%	20,7%	26,7%	169	169
Aldur *	18 - 29 ára	44,4%	22,2%	16,7%	16,7%	18	39
	30 - 44 ára	30,2%	25,6%	23,3%	20,9%	86	85
	45 - 59 ára	26,7%	29,5%	24,8%	19,0%	105	100
	60 ára og eldri	21,4%	18,9%	24,5%	35,2%	159	144
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	24,2%	30,4%	13,0%	32,4%	95	98
	Stúdentspróf eða iðnnám	26,3%	16,7%	33,2%	23,7%	98	96
	Annað starfsnám	32,1%	11,2%	24,1%	32,6%	44	42
	Háskólapróf	28,5%	26,7%	24,9%	19,9%	115	116
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	33,1%	23,9%	18,6%	24,4%	41	47
	6-10 ár	43,5%	18,9%	15,8%	21,7%	32	31
	11-20 ár	28,0%	28,1%	22,0%	21,9%	48	53
	21-30 ár	24,5%	10,7%	31,4%	33,4%	40	44
	Lengur en 30 ár	22,9%	26,4%	24,7%	26,0%	202	187
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	20,8%	27,6%	26,4%	25,2%	189	194
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	53,2%	19,7%	18,1%	9,0%	77	73
	Í námi	57,9%	42,1%	0,0%	0,0%	4	7
	Á eftirlaunum	11,3%	12,9%	29,0%	46,8%	62	56
	Annað	23,2%	24,0%	16,2%	36,5%	28	29
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	79,0%	15,8%	4,1%	1,1%	88	89
	Nei	10,0%	26,4%	29,9%	33,7%	275	273
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? *	Já	12,6%	25,6%	33,6%	28,2%	155	154
	Nei	6,2%	28,1%	23,0%	42,7%	110	110

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

* Fáir í sumum svarflokkum svo marktæktarprófi sleppt

Tafla 5 Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög illa	1	0,3%	0,3%
Frekar illa	4	1,1%	1,2%
né illa	21	5,6%	6,3%
Frekar vel	157	42,2%	47,1%
Mjög vel	150	40,3%	45,0%
Gild svör	333	89,5%	100,0%
<hr/>			
Gildir svarendur	333	89,5%	
Hef ekki haft nein samskipti við Svörðu ekki	4	1,1%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 6 Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? - Bakgrunnsgreining

		Hef ekki skoðun/ hvorki vel né illa					Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		Mjög illa (1)	Frekar illa (2)	(3)	Frekar vel (4)	Mjög vel (5)		
		%	%	%	%	%	N	N
Kyn	Fjöldi	0,3%	1,5%	6,7%	47,9%	43,7%	333	333
	Karl	0,5%	2,3%	4,7%	48,6%	43,9%	180	180
	Kona	0,0%	0,6%	8,9%	47,1%	43,4%	153	153
Aldur **	18 - 29 ára	0,0%	6,3%	12,5%	56,3%	25,0%	16	35
	30 - 44 ára	1,2%	1,2%	6,1%	53,7%	37,8%	82	81
	45 - 59 ára	0,0%	1,0%	5,2%	52,1%	41,7%	96	92
	60 ára og eldri	0,0%	0,7%	6,5%	38,8%	54,0%	139	126
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	0,0%	3,7%	12,5%	51,1%	32,8%	81	84
	Stúdentspróf eða iðnnám	1,1%	0,0%	3,4%	52,3%	43,3%	89	88
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	10,0%	36,9%	53,1%	39	38
	Háskólapróf	0,0%	1,8%	4,6%	45,2%	48,5%	110	110
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	2,3%	7,3%	50,9%	39,5%	37	43
	6-10 ár	0,0%	0,0%	0,0%	65,9%	34,1%	32	31
	11-20 ár	2,0%	4,3%	12,0%	39,4%	42,3%	46	50
	21-30 ár	0,0%	0,0%	7,3%	60,3%	32,4%	35	38
Staða á vinnumarkaði **	Lengur en 30 ár	0,0%	1,1%	6,2%	43,5%	49,2%	180	167
	Í launuðu starfi	0,5%	2,7%	7,0%	52,1%	37,6%	178	183
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	0,0%	4,2%	36,1%	59,8%	75	71
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	71,1%	28,9%	4	7
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	6,3%	39,6%	54,2%	48	44
Starfar þú við ferðabjónustu? ***	Annað	0,0%	0,0%	12,9%	61,4%	25,7%	22	22
	Já	0,0%	1,0%	3,6%	23,3%	72,1%	87	88
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðabjónustu? **	Nei	0,4%	1,7%	7,9%	56,9%	33,1%	243	241
	Já	0,0%	0,7%	5,7%	54,6%	39,0%	146	145
	Nei	1,1%	3,6%	10,0%	61,9%	23,5%	88	87

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 7 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svára
Allt of mikill	23	6,2%	6,3%
Heldur of mikill	42	11,3%	11,6%
Hæfilegur	228	61,3%	62,8%
Heldur of lítil	64	17,2%	17,6%
Allt of lítil	6	1,6%	1,7%
Gild svör	363	97,6%	100,0%
Gildir svarendur	363	97,6%	
Veit ekki	6	1,6%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svörðu ekki	2	0,5%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 8 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? - Bakgrunnsgreining

		Heldur of					Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		Allt of mikill (1)	mikill (2)	Hæfilegur (3)	lítil (4)	Allt of lítil (5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	6,6%	11,9%	63,1%	16,8%	1,6%	363	364	3,0
Kyn *	Karl	5,8%	9,3%	64,4%	17,6%	2,9%	198	198	3,0
	Kona	7,5%	15,0%	61,5%	16,0%	0,0%	165	166	2,9
Aldur	18 - 29 ára	11,1%	16,7%	66,7%	5,6%	0,0%	18	39	2,7
	30 - 44 ára	5,9%	10,6%	63,5%	18,8%	1,2%	85	84	3,0
	45 - 59 ára	5,8%	13,5%	64,4%	13,5%	2,9%	104	99	2,9
	60 ára og eldri	6,4%	10,3%	60,9%	21,2%	1,3%	156	142	3,0
Menntun	Grunnskólanám eða minna	9,8%	17,5%	55,4%	15,4%	1,9%	93	96	2,9
	Stúdentspróf eða iðnnám	6,9%	12,6%	63,8%	16,6%	0,0%	98	96	2,9
	Annað starfsnám	4,5%	8,9%	62,2%	19,8%	4,5%	44	42	3,1
	Háskólapróf	5,3%	7,7%	68,3%	17,9%	0,8%	112	113	3,0
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	2,1%	15,3%	61,3%	21,3%	0,0%	41	47	3,0
	6-10 ár	0,0%	13,2%	68,0%	18,9%	0,0%	31	30	3,1
	11-20 ár	13,4%	8,5%	64,0%	12,3%	1,8%	49	54	2,9
	21-30 ár	6,4%	13,5%	62,8%	15,1%	2,2%	40	44	3,0
	Lengur en 30 ár	7,1%	11,2%	62,1%	17,6%	2,0%	198	184	3,0
Staða á vinnumarkaði **	Í launuðu starfi	7,2%	12,7%	63,0%	16,1%	1,0%	186	191	2,9
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	3,9%	3,8%	70,5%	17,9%	3,9%	78	74	3,1
	Í námi	0,0%	28,9%	71,1%	0,0%	0,0%	4	7	2,8
	Á eftirlaunum	8,3%	5,0%	60,0%	25,0%	1,7%	60	54	3,1
	Annað	9,8%	32,7%	47,9%	9,7%	0,0%	28	29	2,5
Starfar þú við ferðabjónustu? ***	Já	2,1%	2,1%	70,1%	21,5%	4,3%	88	89	3,2
	Nei	8,2%	15,0%	60,5%	15,6%	0,7%	271	270	2,9
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðabjónustu? *	Já	4,9%	12,8%	64,3%	16,7%	1,2%	154	153	3,0
	Nei	12,5%	17,4%	54,9%	15,2%	0,0%	109	109	2,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 9 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. til loka maí)? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	6	1,6%	1,7%
Heldur of mikill	14	3,8%	3,9%
Hæfilegur	157	42,2%	43,6%
Heldur of lítill	121	32,5%	33,6%
Allt of lítill	62	16,7%	17,2%
Gild svör	360	96,8%	100,0%
Gildir svarendur	360	96,8%	
Veit ekki	8	2,2%	
Vil ekki svara	2	0,5%	
Svörðu ekki	2	0,5%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 10 Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. til loka maí)? - Bakgrunnsgreining

		Heldur of mikill		Heldur of lítill			Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	Hæfilegur (3)	(4)	Allt of lítill (5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,6%	4,0%	45,2%	32,7%	16,6%	360	360	3,6
Kyn	Karl	2,4%	2,4%	41,8%	33,0%	20,4%	196	195	3,7
	Kona	0,6%	5,9%	49,1%	32,3%	12,0%	164	165	3,5
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	5,9%	70,6%	17,6%	5,9%	17	37	3,2
	30 - 44 ára	2,4%	2,4%	38,8%	40,0%	16,5%	85	84	3,7
	45 - 59 ára	0,0%	6,8%	47,6%	27,2%	18,4%	103	98	3,6
	60 ára og eldri	2,6%	2,6%	40,6%	36,1%	18,1%	155	141	3,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,9%	2,9%	52,9%	25,7%	16,6%	92	95	3,6
	Stúdentspróf eða iðnnám	2,9%	4,0%	41,8%	39,5%	11,8%	98	96	3,5
	Annað starfsnám	0,0%	4,5%	44,8%	28,5%	22,2%	44	42	3,7
	Háskólapróf	0,9%	3,7%	43,5%	35,3%	16,6%	111	111	3,6
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	2,1%	0,0%	42,0%	34,2%	21,7%	40	46	3,8
	6-10 ár	0,0%	0,0%	47,2%	37,8%	15,1%	32	31	3,7
	11-20 ár	0,0%	7,6%	54,8%	26,8%	10,7%	49	54	3,5
	21-30 ár	2,2%	0,0%	47,4%	39,0%	11,4%	39	42	3,6
Staða á vinnumarkaði	Lengur en 30 ár	2,0%	5,2%	42,4%	31,5%	18,9%	196	182	3,6
	Í launuðu starfi	1,0%	3,7%	46,1%	33,1%	16,1%	185	191	3,6
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1,3%	3,8%	42,2%	33,3%	19,4%	78	74	3,7
	Í námi	0,0%	0,0%	59,3%	40,7%	0,0%	3	5	3,3
Starfar þú við ferðaþjónustu? *	Á eftirlaunum	3,3%	5,0%	38,3%	33,3%	20,0%	60	54	3,6
	Annað	3,3%	3,4%	59,8%	20,3%	13,3%	27	28	3,4
	Já	1,1%	1,1%	38,5%	35,6%	23,7%	85	85	3,8
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? *	Nei	1,7%	4,7%	47,4%	31,6%	14,6%	271	270	3,6
	Já	0,6%	3,1%	44,1%	34,8%	17,4%	154	153	3,7
	Nei	2,5%	6,3%	53,6%	25,8%	11,8%	109	109	3,4

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 11 Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Hún er alls ekki mikilvæg	4	1%	1,1%
Hún er frekar lítið mikilvæg	41	11%	11,5%
Hún er nokkuð mikilvæg	125	34%	34,9%
Hún er mjög mikilvæg	188	51%	52,5%
Gild svör	358	96,2%	100,0%
Gildir svarendur	358	96,2%	
Veit ekki	12	3,2%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	1	0,3%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 12 Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? - Bakgrunnsgreining

		Hún er alls ekki mikilvæg	Hún er frekar lítið mikilvæg	Hún er nokkuð mikilvæg	Hún er mjög mikilvæg	Fjöldi N	Fjöldi (með vigt) N
	Fjöldi	1,1%	11,2%	35,4%	52,4%	358	355
Kyn	Karl	1,5%	14,8%	35,1%	48,6%	193	191
	Kona	0,6%	7,1%	35,6%	56,7%	165	164
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	6,7%	46,7%	46,7%	15	32
	30 - 44 ára	2,4%	11,9%	29,8%	56,0%	84	83
	45 - 59 ára	1,0%	11,7%	28,2%	59,2%	103	98
	60 ára og eldri	0,6%	11,5%	41,0%	46,8%	156	142
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,0%	7,3%	36,0%	55,8%	90	90
	Stúdentspróf eða iðnnám	2,1%	14,1%	36,8%	47,1%	95	93
	Annað starfsnám	0,0%	13,2%	34,9%	51,9%	44	42
	Háskólapróf	0,9%	11,9%	31,0%	56,2%	114	115
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	15,2%	33,6%	51,2%	39	44
	6-10 ár	0,0%	12,7%	37,2%	50,1%	32	31
	11-20 ár	3,9%	7,8%	38,1%	50,3%	46	50
	21-30 ár	2,4%	17,0%	30,7%	49,9%	38	41
	Lengur en 30 ár	0,5%	10,0%	34,5%	55,0%	199	184
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	2,1%	13,9%	40,0%	44,0%	182	184
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	6,4%	23,1%	70,4%	77	73
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	4	7
	Á eftirlaunum	0,0%	6,5%	43,5%	50,0%	62	56
	Annað	0,0%	14,5%	23,3%	62,2%	27	28
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	1,0%	5,4%	21,9%	71,7%	87	88
	Nei	1,1%	13,4%	39,0%	46,5%	267	262
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? **	Já	1,3%	13,2%	30,2%	55,3%	153	151
	Nei	1,0%	13,9%	52,8%	32,3%	104	102

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 13 Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	29	7,8%	8,0%
Frekar ósammála	70	18,8%	19,4%
Hvorki sammála né ósammála	30	8,1%	8,3%
Frekar sammála	120	32,3%	33,2%
Mjög sammála	112	30,1%	31,0%
Gild svör	361	97,0%	100,0%
Gildir svarendur	361	97,0%	
Veit ekki	7	1,9%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svörðu ekki	3	0,8%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 14 Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér - Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Hvorki					Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	sammála né ósammála (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)			
	%	%	%	%	%	N	N		
Kyn									
	Fjöldi	9,2%	18,2%	9,2%	33,2%	30,2%	361	362	3,6
	Karl	9,2%	18,8%	7,8%	36,2%	28,1%	199	199	3,6
	Kona	9,2%	17,5%	10,9%	29,6%	32,8%	162	163	3,7
Aldur									
	18 - 29 ára	27,8%	0,0%	22,2%	33,3%	16,7%	18	39	3,1
	30 - 44 ára	4,7%	20,9%	11,6%	26,7%	36,0%	86	85	3,7
	45 - 59 ára	6,8%	19,4%	2,9%	40,8%	30,1%	103	98	3,7
	60 ára og eldri	8,4%	20,8%	8,4%	31,8%	30,5%	154	140	3,6
Menntun **									
	Grunnskólanám eða minna	8,4%	17,9%	13,7%	33,7%	26,3%	91	94	3,6
	Stúdentspróf eða iðnnám	13,1%	21,9%	11,0%	33,9%	20,2%	97	95	3,3
	Annað starfsnám	10,8%	25,6%	2,1%	32,9%	28,6%	45	43	3,4
	Háskólapróf	7,1%	11,5%	6,1%	35,0%	40,2%	114	115	4,0
Lengd búsetu á því svæði *									
	5 ár eða skemur	6,6%	24,5%	19,5%	21,3%	28,2%	41	47	3,4
	6-10 ár	6,3%	18,8%	6,4%	37,4%	31,2%	32	31	3,7
	11-20 ár	19,2%	12,8%	13,8%	30,3%	23,9%	47	52	3,4
	21-30 ár	20,6%	15,2%	10,8%	36,3%	17,1%	40	44	3,2
	Lengur en 30 ár	5,0%	19,2%	5,0%	36,4%	34,5%	198	184	3,8
Staða á vinnumarkaði *									
	Í launuðu starfi	9,7%	19,2%	12,4%	31,5%	27,2%	188	193	3,5
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	6,3%	12,7%	1,2%	40,4%	39,4%	79	75	3,9
	Í námi	0,0%	0,0%	13,2%	57,9%	28,9%	4	7	4,0
	Á eftirlaunum	6,6%	24,6%	8,2%	34,4%	26,2%	61	55	3,5
	Annað	20,9%	22,8%	7,3%	19,2%	29,9%	24	25	3,4
Starfar þú við ferðapjónustu? ***									
	Já	4,2%	5,4%	2,5%	40,4%	47,5%	87	88	4,2
	Nei	10,9%	22,7%	11,1%	31,4%	23,9%	271	270	3,4
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***									
	Já	6,0%	21,4%	8,8%	35,0%	28,8%	152	151	3,6
	Nei	18,7%	24,7%	15,4%	25,7%	15,6%	109	109	3,0

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk.

Tafla 15 Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	16	4,3%	4,4%
Frekar ósammála	46	12,4%	12,6%
Hvorki sammála né ósammála	22	5,9%	6,0%
Frekar sammála	143	38,4%	39,1%
Mjög sammála	139	37,4%	38,0%
Gild svör	366	98,4%	100,0%
Gildir svarendur	366	98,4%	
Veit ekki	2	0,5%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	3	0,8%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 16 Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
Kyn *	Fjöldi	4,4%	12,6%	6,3%	39,4%	37,2%	366	366	3,9
	Karl	3,3%	10,6%	5,9%	38,4%	41,9%	201	201	4,1
	Kona	5,8%	15,1%	6,9%	40,6%	31,5%	165	165	3,8
Aldur	18 - 29 ára	5,6%	11,1%	11,1%	44,4%	27,8%	18	39	3,8
	30 - 44 ára	4,7%	19,8%	7,0%	34,9%	33,7%	86	85	3,7
	45 - 59 ára	2,9%	12,6%	5,8%	45,6%	33,0%	103	98	3,9
	60 ára og eldri	5,0%	8,8%	5,0%	36,5%	44,7%	159	144	4,1
Menntun	Grunnskólanám eða minna	2,9%	12,4%	6,0%	38,9%	39,8%	94	97	4,0
	Stúdentspróf eða iönnám	2,9%	13,0%	7,3%	40,9%	35,9%	97	95	3,9
	Annað starfsnám	8,7%	8,7%	2,1%	35,1%	45,3%	45	43	4,0
	Háskólapróf	6,0%	11,6%	7,4%	41,0%	34,0%	115	116	3,9
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	1,9%	14,4%	6,1%	34,0%	43,5%	41	366	3,9
	6-10 ár	3,2%	15,9%	6,1%	49,9%	24,9%	32	0	3,8
	11-20 ár	5,3%	20,0%	9,8%	42,1%	22,8%	49	0	3,6
	21-30 ár	9,2%	11,5%	6,6%	33,5%	39,2%	40	0	3,9
	Lengur en 30 ár	4,0%	10,0%	5,5%	38,8%	41,7%	201	0	4,0
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	3,5%	17,0%	8,7%	39,1%	31,8%	188	0	3,8
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1,3%	10,2%	6,2%	38,2%	44,1%	79	0	4,1
	Í námi	0,0%	13,2%	0,0%	57,9%	28,9%	4	47	3,8
	Á eftirlaunum	6,3%	4,8%	3,2%	41,3%	44,4%	63	31	4,1
	Annað	14,6%	6,9%	0,0%	30,1%	48,4%	27	54	4,0
Starfar þú við ferðabjónustu? ***	Já	1,1%	5,5%	5,6%	41,4%	46,4%	87	44	4,3
	Nei	5,6%	15,1%	6,7%	38,2%	34,5%	276	186	3,8
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðabjónustu? **	Já	4,3%	12,7%	4,9%	36,1%	41,9%	155	193	4,0
	Nei	7,8%	18,9%	9,6%	40,9%	22,8%	111	75	3,5

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 17 Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	145	39,0%	39,9%
Frekar ósammála	146	39,2%	40,2%
Hvorki sammála né ósammála	25	6,7%	6,9%
Frekar sammála	35	9,4%	9,6%
Mjög sammála	12	3,2%	3,3%
Gildi svör	363	97,6%	100,0%
Gildir svarendur	363	97,6%	
Veit ekki	3	0,8%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svörðu ekki	5	1,3%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 18 Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð - Bakgrunnsgreining

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	39,5%	39,7%	6,9%	10,4%	3,5%	363	364	2,0
Kyn	Karl	37,3%	45,8%	6,0%	8,5%	2,4%	196	196	1,9
	Kona	42,0%	32,7%	8,0%	12,6%	4,7%	167	167	2,1
Aldur *	18 - 29 ára	33,3%	33,3%	5,6%	22,2%	5,6%	18	39	2,3
	30 - 44 ára	41,9%	34,9%	9,3%	8,1%	5,8%	86	85	2,0
	45 - 59 ára	31,4%	44,1%	11,8%	9,8%	2,9%	102	97	2,1
	60 ára og eldri	45,2%	41,4%	2,5%	8,9%	1,9%	157	143	1,8
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	26,7%	49,4%	5,1%	12,8%	6,1%	93	96	2,2
	Stúdentspróf eða iðnnám	38,1%	38,2%	8,2%	9,3%	6,2%	96	94	2,1
	Annað starfsnám	51,4%	35,3%	9,0%	4,3%	0,0%	44	42	1,7
	Háskólapróf	44,6%	34,2%	7,5%	12,9%	0,9%	115	116	1,9
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	42,4%	44,6%	0,0%	4,1%	8,8%	41	47	1,9
	6-10 ár	31,0%	50,0%	9,4%	9,5%	0,0%	32	31	2,0
	11-20 ár	32,2%	32,3%	14,6%	19,1%	1,8%	49	54	2,1
	21-30 ár	45,5%	34,2%	4,3%	9,2%	6,7%	39	43	2,0
	Lengur en 30 ár	40,5%	40,1%	6,8%	10,1%	2,5%	199	185	1,9
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	39,5%	35,9%	8,1%	12,4%	4,1%	187	192	2,0
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	45,7%	36,0%	6,6%	6,5%	5,2%	78	74	1,9
	Í námi	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4	7	2,0
	Á eftirlaunum	38,7%	46,8%	1,6%	11,3%	1,6%	62	56	1,9
	Annað	32,2%	47,4%	10,4%	10,0%	0,0%	27	28	2,1
Starfar þú við ferðaþjónustu? **	Já	50,7%	36,9%	3,3%	6,8%	2,2%	87	88	1,7
	Nei	35,6%	40,6%	8,2%	11,7%	3,9%	273	272	2,0
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	36,4%	44,8%	6,1%	9,6%	3,1%	155	154	2,0
	Nei	32,4%	37,2%	11,8%	14,9%	3,7%	108	108	2,2

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 19 Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	2	0,5%	0,5%
Frekar ósammála	18	4,8%	4,9%
Hvorki sammála né ósammála	17	4,6%	4,6%
Frekar sammála	148	39,8%	40,3%
Mjög sammála	182	48,9%	49,6%
Gild svör	367	98,7%	100,0%
Gildir svarendur	367	98,7%	
Veit ekki	1	0,3%	
Vil ekki svara	1	0,3%	
Svöruðu ekki	3	0,8%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 20 Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins - Bakgrunnsgreining

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi N	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)			
Kyn	Fjöldi	0,5%	5,6%	5,4%	40,6%	47,9%	367	367	4,3
	Karl	0,9%	3,5%	4,9%	40,7%	50,0%	200	200	4,4
	Kona	0,0%	8,2%	5,9%	40,6%	45,3%	167	167	4,3
Aldur ***	18 - 29 ára	0,0%	16,7%	16,7%	44,4%	22,2%	18	39	3,7
	30 - 44 ára	0,0%	5,8%	5,8%	40,7%	47,7%	86	85	4,3
	45 - 59 ára	1,0%	2,9%	2,9%	44,8%	48,6%	105	100	4,4
	60 ára og eldri	0,6%	4,4%	3,8%	36,7%	54,4%	158	143	4,4
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	10,1%	3,1%	45,0%	41,8%	95	98	4,3
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	3,1%	7,1%	42,2%	47,6%	97	95	4,4
	Annað starfsnám	2,1%	2,1%	4,4%	39,4%	52,0%	45	43	4,4
	Háskólapróf	0,8%	6,0%	6,1%	36,6%	50,5%	115	116	4,3
Lengd búsetu á því svæði ***	5 ár eða skemur	0,0%	8,8%	12,8%	31,8%	46,6%	41	47	4,2
	6-10 ár	0,0%	3,2%	3,2%	47,6%	46,1%	32	31	4,4
	11-20 ár	1,8%	16,9%	9,3%	36,3%	35,8%	49	54	4,0
	21-30 ár	0,0%	2,1%	7,1%	51,6%	39,2%	40	44	4,4
	Lengur en 30 ár	0,5%	2,9%	2,4%	40,2%	53,9%	202	187	4,4
Staða á vinnumarkaði **	Í launuðu starfi	1,0%	7,1%	6,6%	40,9%	44,3%	189	194	4,2
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	2,5%	2,6%	38,2%	56,7%	79	75	4,5
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	71,1%	28,9%	4	7	4,3
	Á eftirlaunum	0,0%	1,6%	1,6%	38,7%	58,1%	62	56	4,5
	Annað	0,0%	10,7%	10,7%	42,6%	36,0%	28	29	4,2
Starfar þú við ferðajónustu? *	Já	1,1%	2,2%	2,5%	35,2%	59,1%	87	88	4,5
	Nei	0,3%	6,8%	6,4%	42,3%	44,2%	277	275	4,3
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðajónustu? **	Já	0,6%	4,4%	4,3%	40,1%	50,6%	157	156	4,4
	Nei	0,0%	9,9%	9,9%	46,3%	33,8%	110	110	4,1

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 21 Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	16	4,3%	4,5%
Frekar ósammála	38	10,2%	10,7%
Hvorki sammála né ósammála	96	25,8%	27,0%
Frekar sammála	145	39,0%	40,7%
Mjög sammála	61	16,4%	17,1%
Gild svör	356	95,7%	100,0%
Gildir svarendur	356	95,7%	
Veit ekki	8	2,2%	
Vil ekki svara	4	1,1%	
Svöruðu ekki	4	1,1%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 22 Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra - Bakgrunnsgreining

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	N	N	
Kyn	Fjöldi	4,6%	11,1%	27,5%	39,7%	17,1%	356	356	3,6
	Karl	3,4%	9,7%	27,5%	38,6%	20,7%	196	195	3,6
	Kona	6,0%	12,7%	27,6%	40,9%	12,8%	160	161	3,5
Aldur	18 - 29 ára	5,9%	17,6%	35,3%	23,5%	17,6%	17	37	3,3
	30 - 44 ára	7,1%	8,2%	29,4%	38,8%	16,5%	85	84	3,5
	45 - 59 ára	2,9%	11,7%	29,1%	39,8%	16,5%	103	98	3,6
	60 ára og eldri	4,0%	10,6%	23,2%	44,4%	17,9%	151	137	3,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	5,9%	17,4%	20,6%	37,2%	18,9%	91	94	3,5
	Stúdentspróf eða iðnnám	6,3%	15,2%	25,0%	37,3%	16,1%	97	95	3,5
	Annað starfsnám	4,5%	13,6%	24,7%	39,0%	18,1%	43	41	3,5
	Háskólapróf	2,6%	2,6%	36,5%	41,7%	16,6%	112	112	3,7
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	15,5%	29,9%	34,5%	20,1%	40	46	3,6
	6-10 ár	6,4%	6,4%	18,9%	49,7%	18,7%	32	31	3,7
	11-20 ár	7,6%	15,0%	30,9%	30,1%	16,4%	48	52	3,4
	21-30 ár	11,4%	6,8%	27,7%	35,6%	18,4%	39	43	3,5
	Lengur en 30 ár	3,1%	10,9%	27,5%	42,7%	15,9%	194	180	3,6
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	6,3%	10,0%	27,6%	42,1%	14,0%	184	188	3,5
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	2,5%	12,9%	24,7%	35,8%	24,1%	78	74	3,7
	Í námi	0,0%	0,0%	71,1%	0,0%	28,9%	4	7	3,5
	Á eftirlaunum	3,4%	8,6%	19,0%	46,6%	22,4%	58	53	3,8
	Annað	3,3%	16,8%	41,7%	31,5%	6,7%	27	28	3,2
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	1,1%	10,5%	19,1%	40,5%	28,8%	85	86	3,9
	Nei	5,8%	11,4%	30,3%	39,2%	13,3%	268	266	3,4
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***	Já	3,8%	8,8%	26,2%	45,6%	15,5%	152	150	3,6
	Nei	9,2%	15,1%	37,9%	28,3%	9,6%	106	107	3,2

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 23 Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi - Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda		
	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	204	54,8%	55,7%
Frekar ósammála	116	31,2%	31,7%
Hvorki sammála né ósammála	22	5,9%	6,0%
Frekar sammála	14	3,8%	3,8%
Mjög sammála	10	2,7%	2,7%
Gild svör	366	98,4%	100,0%
Gildir svarendur	366	98,4%	
Vil ekki svara	2	0,5%	
Svöruðu ekki	4	1,1%	
Heildarfjöldi	372	100,0%	

Tafla 24 Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi - Bakgrunnsgreining

